

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
ses.netlog@gmail.com

Stjórnarskrárnefnd,
forsætisráðuneytið.
Hr. Páll Þórhallsson, formaður.
postur@for.is

Hornafirði, 7. mars 2016.

Ég vísa í minnisatriði frá fundi með stjórnarskrárnefnd 4. júlí 2005. Vísað er í bréf mitt til stjórnarskrárnefndar 4. mars 2015.

Vísað er í erindi sem ég hef sent til nefnda Alþingis m.a. bréf dags. 10. mars 2013 til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, áritun Alþingi Erindi nr. Þ 141/1918 komudagur 10.3.2013.

Samtök eigenda sjávarjarða, sem eru samtök fyrir allt landið, koma með eftirfarandi breytingartillögur við frumvarp um náttúruauðlindir. Í frumvarpinu segir:

Frumvarp til stjórnskipunarlaga (Drög stjórnarskrárnefndar 19. febrúar 2016).

1. gr.

Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt og til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna í umboði þjóðarinnar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign. Enginn getur fengið þessi gæði eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þau eða veðsetja. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forsjá og ráðstöfunarrétt þeirra í umboði þjóðarinnar.

Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign. Veiting nýtingarheimilda skal grundvallast á lögum og gætt skal jafnræðis og gagnsæis. Slíkar heimildir leiða aldrei til varanlegs eignarréttar eða óaftur-kallanlegs forræðis yfir auðlindum.

Samtök eigenda sjávarjarða telja að 1. gr. eigi að orðast á eftirfarandi hátt svo ekki þurfi að eiga sér stað miskilningur um greinina í framtíðinni:

1. gr.

Auðlindir náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeign, tilheyra íslensku þjóðinni. Þær ber að nýta á sjálfbæran hátt og til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna í umboði þjóðarinnar og eru í sameiginlegri eign hennar.

Náttúruauðlindir og landsréttindi, sem ekki eru í einkaeign, eru þjóðareign. Enginn getur fengið gæði í þjóðareign eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þau eða veðsetja. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forsjá og ráðstöfunarrétt þeirra í umboði þjóðarinnar.

Að jafnaði skal taka eðlilegt gjald fyrir heimildir til nýtingar auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign. Veiting nýtingarheimilda skal grundvallast á lögum og gætt skal jafnræðis og gagnsæis. Slíkar heimildir leiða aldrei til varanlegs eignarréttar eða óaftur-kallanlegs forræðis yfir auðlindum. Sömuleiðis er það frjálst eigendum auðlinda í einkaeign að taka eðlilegt gjald fyrir nýtingu þeirra og gætt skal jafnræðis í því sambandi.

Hér að ofan er orðalagi og greininni breytt lítilega til að hún sé betur skiljanleg venjulegum Íslendingum.

Hætt er einnig við að orðalagið “Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni“ verði misskilið og sagt að eigendur sjávarjarða og netlaga tilheyri ekki íslensku þjóðinni í þessum skilningi.

Það er nauðsynlegt að samræmi ríki í þessum málum. Sama orðalag á að nota um auðlindir í náttúru Íslands sem tilheyra íslensku þjóðinni og um auðlindir í náttúru Íslands sem tilheyra einkaaðilum og sleppa orðalaginu í öðru tilfellinu um að eitthvað sé „háð“ einhverjum rétti.

Í sambandi við breytingartillögu um að eigendum auðlinda sé frjálst að taka eðlilegt gjald vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Þeir sem fyrst og fremst hafa hagsmuna að gæta í sameiginlegum auðlindum sjávar eru eigendur netlaga, samkvæmt lögum.

Stjórnarskrá lýðveldisins þarf að vera þannig að allir Íslendingar skilji hana.

Heimasíða samtakanna er: www.ses.is

Virðingarfyllt,
Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður
ses.netlog@gmail.com omarantons@gmail.com

Meðfylgjandi:

1. Auglýsing samtakanna, dags. 27. mars 2014.
2. Bréf, dags. 29. febrúar 2016 til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins vegna frumvarps um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.